

Alþingi  
Erindi nr. P 122/645  
komudagur 12.1.'98

Leikskólinn  
**Hjalli**

Hjallabraut 55 220 Hafnarfirði  
s. 565 3060 fax 5653092

Menntamálanefnd Alþingis  
b.t. Nefndasviðs Alþingis  
Þórshamri v/ Templarasund  
150 Reykjavík

## Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að mæta mismunandi þörfum drengja og stúlkna í skólum


Í umsögn leikskólans Hjalla dagsettri 3. apríl 1997 um sömu þingsályktun var lýst yfir stuðningi við “það markmið tillögunnar að fundnar verði leiðir til að bæta félagslega stöðu drengja í skólum”. Að auki var lagt til að hliðstæð úttekt yrði gerð á “stöðu stúlkna í skólakerfinu svo tekið verði tillit til beggja kynja í nýrri námskrá fyrir grunnskóla”:

Undirrituð fagnar því einlæglega að í endurflutningi tillögunnar er báðum kynjum gert jafn hátt undir höfði og gert ráð fyrir tillögum til úrbóta fyrir bæði stúlkur og drengi. Á þann hátt er tekið mið af raunhæfum jafnréttissjónarmiðum og þess gætt að hvorugt kyn gjaldi fyrir úrbætur í þágu hins kynsins.

Í ljósi þess að tillagan miðast við grunnskólann og nýja námskrá hans, vil ég leyfa mér að benda á eftirfarandi: Á málþingi um stöðu drengja í skólum í nóvember 1997 upplýsti menntamálaráðherra að endurskoðun myndi hefjast á uppeldisáætlun fyrir leikskóla árið 1998 en uppeldisáætlun leikskóla er hliðstæða námsskrár grunnskóla. Því legg ég til að ufnadinni verði einnig falið að miðla upplýsingum um starf sitt til þeirra sem munu vinna að endurskoðun uppeldisáætlunar þar sem vandi kynjanna er í eðli sínu hinn sami á báðum skólastigum. Þannig gæti starf nefndarinnar styrkt hlut jafnréttis í endurskoðun Uppeldisáætlunar fyrir leikskólastigið.

Umrædd þingsályktunartillaga er merkt skref til aukins jafnréttis í skólakerfinu og þakka ég Menntamálanefnd fyrir að leita eftir umsögn leikskólans Hjalla.

Virðingarfyllst,



Margrét Pála Ólafsdóttir  
leikskólastjóri